Þriðjudaginn 12. nóvember 1996.

Nr. 296/1996. **Magnús Guðmundsson persónulega og vegna Mega-film, kvikmyndagerðar**
(Magnús Guðlaugsson hrl.)
gegn
Eddu Sigurrós Sverrisdóttur
(Ólafur Garðarsson hrl.)

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1996. Málið var þingfest 25. september 1996. Með bréfi 9. október 1996 var þess krafist af hálfu stefndu, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu.

Áfrýjandi krefst þess, að kröfu stefndu verði hafnað.

Rök stefndu eru þau, að fasteign áfrýjanda sé yfirveðsett og fyrirhuguð nauðungarsala á henni. Einnig hafi áfrýjandi selt tæki einkafirma síns, Mega-film, kvikmyndagerðar. Þar sem ekki sé vitað um aðrar eignir áfrýjanda og tekjur hans óvissar, séu verulegar líkur á, að hann sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Samþykki lögmanns áfrýjanda liggi fyrir því, að krafa þessi um málskostnaðartryggingu komi fram, þótt málið hafi nú verið þingfest. Styður stefnda kröfu sína b-lið 1. mgr. 133. gr., sbr. 166. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefndu mótmælt með þeim rökum, að aldrei hafi verið gerð árangurslaus aðför hjá áfrýjanda. Hann hafi stofnað til margs konar skuldbindinga og alltaf greitt skuldir sínar að lokum. Fyrir liggi, að áfrýjandi eigi fasteign. Þótt hún sé í nauðungarsölumeðferð, segi það ekkert til um, að hann sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Það segi heldur ekkert til um eignastöðu áfrýjanda að öðru leyti.

Gegn andmælum áfrýjanda hefur stefnda ekki leitt að því nægar líkur, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Ber því að hafna kröfu stefndu.

Á l y k t a r o r ð :

Kröfu stefndu, Eddu Sigurrósar Sverrisdóttur, um málskostnaðartryggingu er hafnað.
